

BORGARRÁÐ 12. janúar 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfsemi Sigluness - MSS23010123

Hvernig ætlar meirihlutinn að taka á áskorun fjölmargra að hætta við að loka Siglunesi eins og meirihlutinn hefur lagt til? Flokkur fólksins minnir á tal um samráð og að hlusta á fólk. Starfsemi Siglunes er einstök, fyrst og fremst fyrir þær sakir að þar er ekki rekið hefðbundið íþróttastarf. Lökendur stunda ekki æfingar, keppa ekki og þar er engin afreksstefna. Þar fá öll börn, og sér í lagi þau sem ekki finna sig í hefðbundnu afreksstarfi íþróttafélaganna, að finna kröftum sínum farveg til að eflast og þroskast á jafningja grundvelli. Skorað hefur verið á meirihlutann að taka mál Siglunes til skoðunar áður en ákveðið verður að loka 55 ára farsælli starfseminni endanlega. Má þar meðal annars skoða stofnun hollvinasamtaka sem létt gætu róðurinn til að afstýra því slysi sem fylgdi því að leggja starfsemina af fyrir þau þúsundir barna sem Siglunes þjónar.